

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 335/2021

frá 10. desember 2021

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,  
staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),  
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/756 frá 24. mars 2021 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1234/2008 um athugun á breytingum á skilmálum markaðsleyfa fyrir mannalyfjum og dýralyfjum <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMBÝKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við í lið 15zi (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1234/2008) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„- **32021 R 0756**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/756 frá 24. mars 2021 (Stjtið. ESB L 162, 10.5.2021, bls. 1).“

2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/756, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 162, 10.5.2021, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 10. desember 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Rolf Einar Fife***

forseti.

ÓOPINBER ÞÝÐING